

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 128/2020

2023/EES/52/13

frá 25. september 2020

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2020/1170 frá 16. júlí 2020 um hönnunar-, smíða- og nothæfiskröfur sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1397 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1170 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1397 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 3. liðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1397) í XXXII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32020 R 1170**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1170 frá 16. júlí 2020 um hönnunar-, smíða- og nothæfiskröfur sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1397 (Stjtið. ESB L 264, 12.8.2020, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1170, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 264, 12.8.2020, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 237, 13.9.2019, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.